

Úrskurður nr. 13/2018

12. desember 2018

Andmæli gegn skráningu merkisins MOSI nr. V0106947

Bláa Lónið hf. gegn M. Poulsen sf.

Málavextir

Þann 20. nóvember 2017 lagði M. Poulsen sf., Þjórsárgötu 4, 101 Reykjavík, inn umsókn um skráningu merkisins MOSI, nr. V0106947. Óskað var skráningar fyrir vörur og þjónustu í flokkum 29, 30 og 43. Merkið var skráð og birt í ELS-tíðindum þann 15. febrúar 2018.

Með erindi, dags. 27. mars 2018, andmælti Árnason Faktor ehf. skráningu merkisins f.h. Bláa Lónsins hf., Norðurljósavegi 9, 240 Grindavík. Andmælin byggja á ruglingshættu við merki andmælanda, MOSS, nr. V0092657, sbr. 6. tl. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki (vml.)

Engar athugasemdir bárust frá eiganda merkisins og með erindi Einkaleyfastofunnar, dags. 7. ágúst 2018 var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að málið yrði tekið til meðferðar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Málsástæður og lagarök

Greinargerð andmælanda

Helstu rök andmælanda eru þau að merki eiganda, MOSI, verði að teljast of líkt merki hans, MOSS, nr. V0092657. Vísar andmælandi til þess sem kemur fram í 6. tl. 1. mgr. 14. gr. vml. og bendir á að þegar metið sé hvort að bein ruglingshætta sá milli tveggja merkja sé annars vegar litið til þess hvort að merkjalíking sé með merkjunum og hins vegar hvort vöru- eða þjónustulíking sé með þeim, sbr. 1. mgr. 4. gr. vml. Mati á merkjalíkingu megi svo skipta í tvennt, í fyrsta lagi skuli meta hvort sjónlíking sé með merkjunum og í öðru lagi skuli líta til þess hvort hljóðlíking sé til staðar. Andmælandi bendir á að einnig geti merkingarlíking komið til skoðunar en grundvallarreglan sé hins vegar sú að meta skuli heildarmynd merkjanna sem um sé deilt.

Að mati andmælanda eru til staðar skilyrði um beina ruglingshættu, sbr. 6. tl. 1. mgr. 14. gr. vml. Vörumerkin sem hér um ræði eru að mati andmælanda í raun nánast alveg eins í sjón og jafnframt telur hann talsverða hljóðlíkingu vera til staðar á milli merkjanna.

Bæði merkin eru fjórir bókstafir og fyrstu þrjú stafir beggja merkjanna eru stafirnir MOS. Eini sjónræni munurinn liggur að mati andmælanda á fjórða og síðasta bókstaf orðanna, annars vegar I og og hins vegar S. Að mati andmælanda er sjónlíking mikil á milli merkjanna.



Enn fremur er það mat andmælanda að hljóðlíkingin sé talsverð enda séu fyrstu þrjár stafir merkjanna af fjórum nákvæmlega þeir sömu. Andmælandi bendir á að við mat á hljóðlíkingu í íslenskum framburði sé ávallt lögð meiri áhersla á fyrri hluta orða og þá yfirleitt á fyrsta atkvæði þeirra. Sú staðreynd að síðasti bókstafur merkjanna sé mismunandi hefur ekki að mati andmælanda stórvægileg áhrif á framburð orðanna sem mynda merkin en hann sé mjög svipaður.

Andmælandi bendir einnig á að við samanburð merkja og mat á ruglingshættu sé að jafnaði aðal áherslan lögð á upphaf orðanna þar sem upphaf merkja sé sá orðhluti sem hljóti mesta athygli neytandans, bæði sjónrænt og hljóðrænt. Þar sem fyrstu þrjár af fjórum stöfum merkjanna séu þeir sömu sé ljóst að bæði sjón- og hljóðlíking er mikil sem ýti undir ruglingshættuna.

Andmælandi telur merkingarlíkinguna milli merkjanna vera algera. Merki andmælanda sé þýðing á íslenska orðinu mosi sem myndar merki eiganda. Ljóst sé að íslenskir neytendur hafi almennt gott vald á enskri tungu og muni án nánari umhugsunar þekkja merkingu enska orðsins *moss* sem *mosi*.

Andmælandi bendir einnig á að MOS- sé ekki algengt forskeyti merkja sem skráð séu fyrir matvöru í flokkum 29 og 30 eða veitingaþjónustu í flokki 43. Nær einu skráningarnar sem fyrirfinnist hér á landi séu í eigu andmælanda og verði því að teljast afar sérkennandi fyrir umæddar vörur og þjónustu.

Hvað varðar líkindi milli vara og þjónustu bendir andmælandi á að mikilvægt sé að tillit sé tekið til allra þeirra þátta sem skipta máli hverju sinni, en þá sér í lagi eiginleika þeirra, hverjir munu nota vöruna, hvernig hún sé notuð og hvort að vörunar séu í samkeppni hver við aðra eða séu svokallaðar staðgengilsvörur og vísar andmælandi til 23. mgr. í niðurstöðu Evrópudómstólsins í máli nr. C-39/97 (Canon). Andmælandi bendir á að aðrir þættir sem geta skipt máli séu hvaða not eða tilgang varan eða þjónustan hafi, hvort ætla megi að sömu eða tengdir aðilar framleiði, markaðssetji eða bjóði upp á vörunar eða þjónustuna og svo sé rétt að horfa til dreifingar- og söluleiða.

Andmælandi bendir á að við mat á líkindum vöru- og þjónustulýsinga sé það almennt viðmið að því líkari sem merkin eru, því minni kröfur eru gerðar til vöru- og/eða þjónustulíkingar og öfugt.

Merki eiganda, MOSI, sé skráð fyrir tilgreindar vörur og þjónustu í flokkum 29, 30 og 43 og merki andmælanda er skráð fyrir ýmsa flokka, þ. á m. flokka 30, 32 og 43.¹ Að mati andmælanda eru talsverð líkindi með vöru- og þjónustulýsinu merkjanna. Bendir andmælandi á að öll þau atriði sem skráning hans nær yfir í flokki 30 séu einnig tilgreind í vörulýsingu merkis eiganda auk þess sem líkindin milli flokka 43 séu að hluta alger og að hluta sé um afar líka

¹ Aðrir flokkar eru 3, 5, 24, 39 og 44.



þjónustu að ræða. Enn fremur verði að telja að veruleg ruglingshætta sé milli flokks 30 í skráningu merkis andmælanda og flokks 29 í merki eiganda, en báðir flokkarnir innihaldi matvöru. Andmælandi bendir á að Einkaleyfastofan hafi ítrekað metið mikla ruglingshættu milli matar- og drykkjarvara ásamt tengdri þjónustu, óháð flokkum.

Í ljósi ofangreinds er ljóst, að mati andmælanda, að mikil líkindi séu með vöru- og þjónustulýsingu merkis andmælanda og merkis eiganda sem auki enn á ruglingshættu milli skráninganna. Fer andmælandi þess á leit við skráningaryfirvöld að skráning merkisins MOSI, nr. V0106947 verði felld úr gildi.

Engar athugasemdir bárust frá eiganda.

Niðurstaða

Andmælin ásamt greiðslu gjalds bárust innan tilskilins frest og teljast þau því lögmæt.

Andmælt er skráningu vörumerkisins MOSI nr. V0106947. Andmælin byggja á ruglingshættu við merki andmælanda, MOSS nr. V0092657, sbr. 6. tl. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki (vml.)

Meginhlutverk vörumerkja er að greina vörur og þjónustu eins aðila frá vörum og þjónustu annarra, sbr. 2. gr. vml. Í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur fram að í vörumerkjarétti felist að aðrir en eigandi vörumerkis megi ekki heimildarlaust nota í atvinnustarfsemi tákn sem eru eins eða lík vörumerki hans. Þau skilyrði eru sett að notkun taki til eins eða svipaðrar vöru eða þjónustu og vörumerkjarétturinn nær til og hætt sé við ruglingi, þ.m.t. að tengsl séu með merkjunum.

Í 6. tl. 1. mgr. 14. gr. vml. er kveðið á um að óheimilt sé að skrá merki ef villast má á því og vörumerki sem skráð hefur verið hér á landi eða hefur verið notað hér þegar umsókn um skráningu er lögð inn og er enn notað hér. Það sem einkum skiptir máli við mat á því hvort ruglingshætta verður talin vera með vörumerkjum er hvort sjón-, hljóð- og vöru-og/eða þjónustulíking sé með merkjunum. Meta verður þessa þætti alla saman út frá sjónarhóli neytandans og þeirri staðreynd að hinn almenni neytandi hefur yfirleitt eingöngu annað merkið fyrir augum hverju sinni. Þá er almennt talið að því ólíkari sem merkin eru, þeim mun skyldari eða svipaðri megi vörurnar eða þjónustan vera og öfugt. Það sem úrslitum ræður er hvort heildarmyndin sé svo lík að ruglingi geti valdið.

Merki eiganda samanstendur af íslenska orðinu *mosi* en merki andmælanda samanstendur af enska orðið *moss*. Samkvæmt Snöru-veforðasafni merkir *moss* m.a. *mosi*. Hugtakslega eru merkin því lík. Orðin í merkjum aðila hafa enga þekkta merkingu í tengslum við þær vörur og þá þjónustu sem um ræðir, þ.e. í flokkum 29, 30 og 43 og verður að telja að um sérkennileg orð í því sambandi sé að ræða.



Merkin eru bæði fjögurra bókstafa orð, en fyrstu þrjú bókstafirnir eru sameiginlegir, þ.e. MOS-. Merki eiganda inniheldur tvo sérhljóða, O-I en merki andmælanda aðeins einn, I.

Þegar um stutt orð er að ræða getur breyting á einum bókstaf oft leitt til þess að heildarmynd merkjanna breytist töluvert. Þetta verður þó að skoða í hverju tilviki fyrir sig þar sem staðsetning viðkomandi bókstafa í þeim orðum sem um ræðir getur skipt máli. Sem dæmi má nefna að ólíkur bókstafur í upphafi orða haft töluverð áhrif á ruglingshættumatið, sbr. t.d. úrskurðir Einkaleyfastofunnar í andmælumálum nr. 24/2002 (JARA), 19/2004 (NOLO) og 3/2018 (HULU).

Það er viðurkennt sjónarmið í vörumerkjarétti að almennt sé áhersla lögð á upphaf orða nema til sé að dreifa atriðum sem leiða til annars, svo sem ef um veikan þátt merkis sé að ræða. Svo er ekki í tilviki því sem hér um ræðir. Að mati Einkaleyfastofunnar er sjónlíking til staðar með merkjunum þar sem fyrstu þrjú bókstafirnir eru þeir sömu, þ.e. MOS. Sú breyting sem er á síðasta bókstaf merkjanna, þ.e. annars vegar I og hins vegar S er ekki til þess fallin að draga það mikið úr sjónlíkingunni. Stofnunin telur þó að þessir síðustu bókstafir merkjanna hafi þó nokkur áhrif á framburð þeirra. I-ið í merki eiganda leiðir til þess að framburður bókstafsins O verður langt en S-in í merki andmælanda leiða til þess að framburður bókstafsins O verður stutt og hart. Að mati stofnunarinnar er því einhver hljóðlíking til staðar en þó ekki mikil.

Eins og að framan greinir merkir enska orðið *moss* m.a. *mosi*. Mögulega getur verið til staðar ruglingshætta meðal orða á ólíkum tungumálum svo sem íslensku og ensku. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 190/1981 þar sem til skoðunar var ruglingshætta milli merkjanna LIFE og LÍF segir að enska orðið *life* og íslenska orðið *lif* séu að rithætti mjög lík, enda að uppruna til sama orðið. Þau merki nokkurn veginn hið sama og merking hins enska orðs megi teljast alkunn hér á landi. Í málinu var ruglingshætta talin vera til staðar en markaðist sú niðurstaða einnig af þeirri staðreynd að merkið LIFE var talið vel þekkt hér á landi og hafði náð slíkri markaðsfestu að talið var ljóst að almenningur stæði í þeirri trú að viðskiptatengsl væru til staðar á milli aðila.

Framangreint fordæmi sýnir að skoða þarf hvert tilvik fyrir sig. Að mati stofnunarinnar má leggja til grundvallar það sem kom fram í áður nefndum dómi Hæstaréttar. Enska orðið *moss* og íslenska orðið *mosi* eru að rithætti frekar lík og að uppuna til sama orðið. Eins og að framan greinir er merking orðanna sú sama. Að mati stofnunarinnar er heildarmynd merkjanna það lík að ruglingshætta verður talin vera til staðar með merkjunum.

Merki eiganda er skráð fyrir ýmiss konar matvöru í flokkum 29 og 30 og svo ýmsa veitingatengda þjónustu í flokki 43.² Merki andmælanda er skráð fyrir vörur og þjónustu í ýmsum flokkum, þ. á m. í flokkum 30, 32 og 43.³

² **Flokkur 29:** Kjöt, fiskur, alifuglar og villibráð; kjötkraftur; niðursoðnir, frosnir, þurrkaðir og soðnir ávextir og grænmeti; ávaxtahlauð, -sultur og -grautar; egg; mjólk og mjólkurafurðir; matarolíur og matarfeiti; ajvar [niðursoðnar paprikur]; albúmínmjólk; aldinkjöt; algínöt til matreiðslu; aloe vera



Hvað varðar vörur og þjónustu í flokkum 30 og 43 er það mat stofnunarinnar að til staðar sé

meðhöndlað til mannelis; ansjósur, ekki á lífi; ávaxtaflögur; ávaxtahlaup; ávaxtahýði; ávaxtamauk; ávaxtasalat; ávaxtaskreytingar til matar; ávaxtasnakk; ávextir niðursoðnir í áfengi; ávextir, hægsoðnir; ávextir, niðursoðnir; ávextir, niðursoðnir [í dós]; baunir, niðursoðnar; beikon; beinaolía, æt; ber, niðursoðin; blóðbúðingur [blóðpylsa]; blóðpylsur; bragðættar hnetur; bragðættar hnetur; broddhumar, ekki á lífi; djúphafsækjur, ekki á lífi; dýramergur til matar; döðlur; efnablöndur til að búa til kjötkraft; efnablöndur til að búa til súpu; egg; eggaldinmauk; eggjaduft; eggjahvítur; eggjahvítur til matreiðslu; eggjarauður; engifersulta; eplamauk; escamoles [ætar maurallifur, meðhöndlaðar]; extra virgin ólífur olía; falafel; fiskflök; fiskhrogn, meðhöndluð; fiskimjöl til mannelis; fiskistappa; fiskur, ekki á lífi; fiskur, niðursoðinn; fiskur, niðursoðinn [í dós]; fitusnauðar kartöflufögur; frjóduft meðhöndlað sem matvæli; frosnir ávextir; frostþurrkað grænmeti; frostþurrkað kjöt; fræ, meðhöndluð; fuglakjöt, ekki á lífi; galbi [grillaður kjötréttur]; gelatín; grænmeti, niðursoðið; grænmeti, niðursoðið [í dós]; grænmeti, soðið; grænmeti, þurrkað; grænmetismauk; grænmetisrjómi; grænmetissafar til matreiðslu; grænmetissalat; grænmetisstappa; grænmetissúpublöndur; gvakamóle [lárperumauk]; haframjólk; heslihnetur, meðhöndlaðar; hlaup til matar; hnetumjólk; hnetumjólkurdrykkir; hnetur, meðhöndlaðar; hnetusmjör; hrísmjólk; hrísmjólk til matreiðslu; humar, ekki á lífi; hummus [kjúklingabaunamauk]; hörfræjaolía til matreiðslu; jarðhnetumjólk til matreiðslu; jarðhnetur, meðhöndlaðar; jógúrt; kakósmjör til matar; kartöflubollur [dumplings]; kartöfluborgarar; kartöflufögur; kavíar; kefir [mjólkurdrykkur]; kimtsí [gerjaður grænmetisréttur]; kjöt; kjöt, niðursoðið; kjöt, niðursoðið [í dós]; kjöthlaup; kjötseyði; kornolía til matar; kornpylsur; kókos, þurrkaður; kókosfita; kókosmjólk; kókosmjólk til matreiðslu; kókosmjólkurdrykkir; kókosolía til matar; kókosmjör; krabbadýr, ekki á lífi; krókettur; kræklingur, ekki á lífi; kúmis [mjólkurdrykkur]; laukhringir; laukur, niðursoðinn; lax, ekki á lífi; lesitín til matreiðslu; lifrarkæfa; lifrarmauk; lifur; linsubaunir, niðursoðnar; marmelaði; matarlím; matvæli gerð úr fiski; mjólk; mjólkurdrykkir, aðallega úr mjólk; mjólkurduft; mjólkurgerefni til matreiðslu; mjólkurhristingar; mjólkurlíki; mjólkurvörur; mysa; möndlumjólk til matreiðslu; möndlumjólkurdrykkir; möndlur, malaðar; mör til matar; niðursoðin mjólk; niðursoðinn hvítlaukur; olíur til matar; ostahleypir; ostrur, ekki á lífi; ostur; óáfengur eggjapúns; ólífuolía til matar; ólífur, niðursoðnar; pálmakjarnaolía til matar; pálmolía til matar; pektín til matreiðslu; prostokvasha [sýrð mjólk]; próteinmjólk; pylsuhimna, náttúruleg eða tilbúin; pylsur; pylsur í deigi; repjuolía til matar; ristaðir þörungur; rjómi [mjólkurvörur]; rúsínur; ryazhenka [sýrð bökuð mjólk]; rækjur, ekki á lífi; saltað kjöt; saltfiskur; sardínur, ekki á lífi; sesamolía til matar; seyði; silkiormapúpur til mannelis; síld, ekki á lífi; sítrónusafni til matreiðslu; skelfiskur, ekki á lífi; skinka; smetana [sýrður rjómi]; smjör; smjörkrem; smjörlíki; sniglaegg til neyslu; sojabaunir, niðursoðnar, til matar; sojamjólk; sojaolía til matar; sólblómafræ, meðhöndluð; sólblómaolía til matar; sultur; súpur; súrkál; súrsað grænmeti; súrsaðar smágúrkur; sveppir, niðursoðnir; svínafeiti; svínakjöt; sykurgljádír ávextir; sykurmaís, unninn; sæbjúgu, ekki á lífi; sælgætishnetur; tahíní [sesamfræjamauk]; tófú; tómatmauk; tómat safar til matreiðslu; truffur, niðursoðnar; trönumberjasósa [soðin]; túnfiskur, ekki á lífi; unnar kjötvörur; vambir; vatnakrabbar, ekki á lífi; villibráð, ekki á lífi; ystingur; þarþykknir til matar; þeyttur rjómi; æt fuglshreiður; æt skordýr, ekki á lífi; ætar fitur; ætþistlar, niðursoðnir.

Flokkur 30: Kaffi, te, kakó og gervikaffi; hrísgrjón; tapiókamjöl og sagógrjón; mjöl og matvörur úr korni; brauð, sætabrauð og sælgæti; ís til matar; sykur, hunang, síróp; ger, lyftiduft; salt; sinnep; edik, sósur (bragðbættandi); krydd; ís; afhýtt bygg; agave síróp [náttúruleg sætuefni]; allrahanda krydd; anísfræ; ávaxta coulis [sósur]; ávaxtabökur; ávaxtahlaup [sætindi]; baozi [fylltar bollur]; baunamjöl; bibimbap [hrísgrjón blönduð með grænmeti og nautakjöti]; bindiefni fyrir pylsur; bindiefni fyrir rjómaís; bíkarbónat til matreiðslu [matarsódi]; bjóredik; blóm eða laufblöð til að nota sem telíki; bollur; bragðbættir [meðlæti]; bragðbættir; bragðefni fyrir mat, nema ilmólur; bragðefni, nema ilmólur, fyrir drykki; bragðefni, nema ilmólur, fyrir kökur; bragðkjarnar fyrir matvæli, nema eterbragðkjarnar og ilmólur; brauð; brauðbollur; brauðteningar; búðingar; búrrító [hveitikökur]; byggmjöl; býpéttir; bökur;



augljós vöru- og þjónustulíking þar sem merkin auðkenna bæði vörur og þjónustu í þessum

chow-chow [meðlæti]; deig fyrir okonomiyaki [japanskar kryddpönnukökur]; deig; drottningarhunang; duft fyrir rjómaís; dulce de leche [karamellumjólk]; edik; efni til að stífa þeyttan rjóma; eftirréttamús [sætindi]; engifer [krydd]; flögur [kornvörur]; frosin jógúrt [sætindaís]; frostþurrkaðir réttir að uppistöðu úr hrísgrjónum; frostþurrkaðir réttir að uppistöðu úr pasta; frostþurrkaðir réttir sem innihalda aðallega hrísgrjón; frostþurrkaðir réttir sem innihalda aðallega pasta; ger; gerefni fyrir þykkni; gimbap [kóreskur hrísgrjónaréttur]; glúkósi til matreiðslu; glúten meðhöndlað sem matvæli; glútenhjálparefni til matreiðslu; grjón sem skyndiréttir; grófmalað maískorn; grænmetisefni til að nota sem kaffilíki; gyllt síróp; hafrablögur; haframmatvæli; haframjöl; hakkaður hvítlaukur [meðlæti]; halvah; hálsbrjóstsýkur [sætindi]; hálstöflur [sætindi]; hnetuhveiti; hrísgrjónabúðingur; hrísgrjónasafi til matreiðslu; hrískökur; hríssnakk; hunang; hveiti; hveitibollur [dumplings]; hveitikím til mannelis; hýðislausir hafrar; hörfræ til matreiðslu [krydd]; ilmefni í matvæli; ís, náttúrulegur eða gervi; ískrap [ís]; ísmolar; íste; ísveitingar; jarðhnetusætindi; jiaozi [fylltar hveitibollur/dumplings]; kaffi; kaffibragðbætar; kaffidrykkir með mjólk; kaffidrykkir; kaffifífill [kaffilíki]; kaffilíki; kakó; kakódrykkir með mjólk; kakódrykkir; kamilludrykkir; kanill [krydd]; kapers; karamella [sætindi]; karrý [krydd]; kartöflumjöl; kex; kjötbökur; kjötmeyrnunarefni til heimilisnota; kjötsósúr; klíðislaust korn til mannelis; konfekt; kornsnakk; kornstykki; kryddjurtir, þurrkaðar [krydd]; kryddlegir; kryddsulta [meðlæti]; kúskús [semólína]; kökudeig; kökuduft; kökukrem [glassúr/sykurbráð]; kökur; lakkrís [sætindi]; lakkrísstafir [sætindi]; lyftiduft; maís, malaður; maís, ristaður; maísflögur; maískurl; maísmjöl; makkarónukökur [sætabrauð]; makkarónur; malað bygg; malaðir hafrar; malt til mannelis; maltkex; maltósi; maltþykkni í matvæli; marsipan; matarsalt; matarsódi [natrón til matreiðslu]; melassi í matvæli; miso [meðlæti]; mjöl; múskat; múslí; mynta til sætindagerðar; mæjónes; möndlusætindi; möndluþykkni; náttúruleg sætuefni; negull [krydd]; núðlur; okonomiyaki [japanskar kryddpönnukökur]; onigiri [hrísgrjóna kúlur]; ostborgarar [samlokur]; óbrennt kaffi; paprikukrydd; pasta; pastasósúr; pátés en croûte [kæfa]; pálmasykur; pelmeni [kjötfylltar hveitibollur/dumplings]; pestó [sósa]; petit-beurre kex; petits fours [kökur]; pipar; piparkökur; piparmyntur; pizzur; poppkorn; prótínstykki; pylsusamlokur; pönnukökur; ramen [japanskur núðluréttur]; raviólí; rjómaís; saffran [krydd]; sagógrjón; salatsósúr; salt til geymslu matvæla; samlokur; sellerísalt; sesamfræ [krydd]; seyði, ekki í læknisskyni; sinnepsmjöl; símiljugrjón; sjór til matreiðslu; skinkugljái; smákökur; sojabauunþykkni [meðlæti]; sojamjöl; sojasósa; sósur [meðlæti]; spaghetí; spegilkrem [spegilísing]; sterkja ímatvæli; stjörnuanis; sushi; súkkulaði; súkkulaðidrykkir með mjólk; súkkulaðidrykkir; súkkulaðihúðaðar hnetur; súkkulaðimús; súkkulaðiskraut fyrir kökur; súkkulaðismjör með hnetum; súkkulaðismjör; súr- eða gerlaust brauð; súrdeig; súrkrás; sykrud sætindi; sykur; sykurmassi [sætindi]; sælgæti; sælgætisskraut fyrir kökur; sætabrauð; sætabrauðsdeig; sætindi til að skreyta jólatré; sætindi; sætmeti [sætindi]; tabbouleh; tacó [maískökur]; tapióka mjöl; tapióka; te; tedrykkir; tilbúnir núðluréttir; tortillur [maís-/hveitikökur]; tómatsósa; túrmerik; tvíbökur; tyggigúmmí; unnar kornvörur; unnin fræ til nota sem krydd; vanilín [vanillulíki]; vanilla til matreiðslu; vanillusósa; vareniki [fylltar hveitibollur/dumplings]; vermicelli [núðlur]; vermicelli pasta; vinsteinsduft til matreiðslu; vorrúllur; vöflur; þang [meðlæti]; þykkiefni fyrir eldunar matvæla; ætir ísar; ætur hrísappír; ætur pappír.

Flokkur 43: Veitingaþjónusta; barþjónusta; kaffihúsaþjónusta; matsöluþjónusta; sjálfsafgreiðslu-veitingastaðir; útleiga á eldunaráhöldum; útleiga á fundarherbergjum; útleiga á stólum, borðum, borðdúkum, glervöru; veisluþjónusta með mat og drykk; veitingastaðaþjónusta.

³ **Flokkur 30:** Kaffi, te, kakó og gervikaffi; hrísgrjón; tapiókamjöl og sagógrjón; mjöl og matvörur úr korni; brauð, sætabrauð og sælgæti; ís til matar; sykur, hunang, síróp; ger, lyftiduft; salt; matarsalt; sinnep; edik, sósur (bragðbætandi); krydd; ís.

Flokkur 32: Bjór; ölkelduvatn, gosdrykkir og aðrir óáfengir drykkir; ávaxtadrykkir og ávaxtasafar; þykkni og önnur efni til drykkjagerðar.



flokkum. Enn fremur er það mat stofnunarinnar að skörun sé með vörum eiganda í flokki 29 og vörum andmælanda í flokki 30 þar sem í báðum tilvikum er um matartengda flokka að ræða. Jafnframt er það mat stofnunarinnar að ákveðinn skyldleiki sé með vörum í flokki 29 og þjónustu í flokki 43.⁴

Með vísan til alls framangreinds er það mat Einkaleyfastofunnar að merkin séu svo lík að ruglingi geti valdið, sbr. 6. tl. 1. mgr. 14. gr. vml. Andmæli gegn skráningu merkisins MOSI, nr. V0106947, eru því tekin til greina.

Úrskurðarorð

Skráning merkisins MOSI nr. V0106947 er felld úr gildi.

Hanna L. Karlsdóttir, lögfr.

Vakin er athygli á því að skv. 1. mgr. 63. gr. laga um vörumerki geta aðilar máls áfrýjað ákvörðun Einkaleyfastofunnar **innan tveggja mánaða frá dagsetningu úrskurðarins** til áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar. Áfrýjunargjald samkvæmt gildandi reglugerð um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl. greiðist atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti við áfrýjun. Vinnist mál hjá áfrýjunarnefnd er hluti áfrýjunargjalds endurgreitt.

Flokkur 43: Veitingaþjónusta; tímabundin gistipjónusta; barþjónusta; kaffihús; kaffiteríur; veitingastaðir.

⁴ Sjá m.a. úrskurð Einkaleyfastofunnar í andmælamáli nr. 1/2011, SANTA MARÍA, bls. 9